



Reykjanesbæ 04.01.2023

Vetrarþjónusta Umhverfis- og framkvæmdasviðs Reykjanesbæjar

Óskað hefur verið eftir skýrslu Umhverfis- og framkvæmdasviðs varðandi vetrarþjónustu Reykjanesbæjar, hvernig henni er háttað, hvað betur megi gera og tillögur starfsmanna að endurbættri þjónustu.

Á fundi bæjarstjórnar þann 3. Desember kom bókun frá Sjálfstæðisflokki.

2022120121 Starfsáætlun umhverfissviðs 2023 - Mál 14 í fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs frá 21. desember 2022:

Sjálfstæðisflokkurinn óskar eftir upplýsingum um hvert verklag Umhverfissviðs er vegna snjómoksturs í Reykjanesbæ, hvers konar samningar eru í gangi við verktaka á svæðinu og hvernig þessi vetur hefur gengið. Við óskum eftir að þetta fái umræðu í Umhverfis og skipulagsráði og að bæjarstjóri gefi skýrslu um málið á næsta bæjarstjórnarfundi.

Guðbergur Reynisson, Margrét A. Sanders og Helga Jóhanna Oddsdóttir.

Þann 3. Janúar hafði Róbert Guðmundsson formaður Umhverfis- og skipulagsráðs óskað eftir samskonar upplýsingum fyrirhönd meirihlutans.

Starfsmönnum Umhverfis- og framkvæmdasviðs fagna þessum óskum um upplýsingar og er bæði ljúft og skylt að verða við henni. Skýrsla þessi fer fyrir Umhverfis- og skipulagsráð þann 13. Janúar næstkomandi.

Aðfaranótt 17. des síðastliðinn snjóaði mjög mikið í Reykjanesbæ og sú snjókomma hélt áfram alla helgina. Misjafnt ástand var milli hverfa, í Keflavíkurhverfinu var ástandið sæmilegt en kolófært á Ásbrú og í Dalshverfi. Á laugardeginum var allur tækjabúnaður Umhverfismiðstöðvar kallaður út, stærri vörubíll með snjótönn, minni vörubíll með snjótönn og „lódall“ með skóflu. Auk þess voru 18 tæki kölluð út af öllum stærðum og gerðum. Unnið var nánast sleitulaust alla helgina, mánudag og þriðjudag. Á þessum tíma óskuðu starfsmenn Vegagerðarinnar tvisvar eftir aðstoð Umhverfismiðstöðvar við að halda Reykjanesbraut opinni.

Fyrirkomulag:

Á heimasíðu Reykjanesbæjar eru upplýsingar um hvernig vetrarþjónustu Reykjanesbæjar er háttað. Þessar upplýsingar eru í textaformi en ekki myndrænt, en það stendur til að bæta úr því í vetur.

Af heimasíðu Reykjanesbæjar:

“Vetrarþjónusta

Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar hefur yfirumsjón með snjómokstri og hálkuvörnum á götum, gangstéttum og göngustígum bæjarins samkvæmt ákveðinni forgangsörðun. Hjá Þjónustumiðstöð er vakt allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Frá 1. október til 15. apríl fer vaktmaður af stað kl. 4:30 og kannar aðstæður hverju sinni. Ef líkur eru á að hálka og eða snjór hafi safnast fyrir á götum bæjarins eru gerðar viðeigandi ráðstafanir. Símanúmer Umhverfismiðstöðvar er 420 3200.

Snjómokstur og hálkueyðing gatna

Þær götur sem eru í forgangi eru strætóleiðir, stofnbrautir og helstu tengibrautir sem liggja í átt að neyðarþjónustu s.s. sjúkrahúsi, lögreglu og slökkvistöð auk gatna sem liggja í átt að skólum og leikskólum.

Þær götur sem liggja í brekku eru einnig í forgangi hvað varðar hálkueyðingu. Leitast er við að moka bílastæði við grunn- og leikskóla þótt það sé ekki í forgangi en oftast eru bílastæðin hreinsuð daginn eftir. Húsagötur eru ekki mokaðar nema að þær séu orðnar þungfærar. Ekki er mokað frá innkeyrslum og þurfa íbúar að sjá um það sjálfir. Við hálkueyðingu gatna er eingöngu notast við salt og þá í eins litlu magni og mögulegt er.

Snjómokstur og hálkueyðing gönguleiða

Miðað er við að moka fyrst þær leiðir sem liggja að grunnskólum og leikskólum. Síðan eru gönguleiðir meðfram helstu stofn- og tengibrautum og göngustígar á opnum svæðum hreinsaðir. Við hálkuvörnir á gönguleiðum er notast við salt og sand sem blandað er saman.

Húsagötur og fáfarnari götur

Húsagötur og fáfarnari götur eru aðeins hreinsaðar ef þær eru orðnar þungfærar venjulegum einkabílum sem eru útbúnir til vetraraksturs. Ekki verður mokað frá innkeyrslum og þurfa íbúar því að sjá um það sjálfir.”

Samningar:

Síðasta vor féllu þeir samningar sem voru í gildi 3 undanfarin ár úr gildi og því er því til að svara að engir samningar eru við verktaka um vetrarþjónustu eins og staðan er í dag, en til stendur að bæta úr því. Samningarnar gengu út á að verktakar sem höfðu tæki og tól sem hentuðu í snjómokstur fengu fastar greiðslur á mánuði frá 1. nóv - 1 apr þetta var hugsað sem trygging ef ekkert væri að gera. Ef tækið fór í vinnu þá minnkaði þessi tryggingaupphæð (200.000.) í hlutfalli við unna pr. klukkustund. Verktakar voru ósáttir með fyrirkomulagið eins og það var.


En allir verktakar voru tilbúnir að koma til vinnu fyrir Reykjanesbæ þegar kallið kom, og enginn neitaði.

Hvernig hefur þessi vetur gengið?

Ástandið sem myndaðist núna rétt fyrir jól er nánast fordæmalaust en fara þarf aftur til ársins 2008 til að finna viðlík ástand. Á þessum tíma hafa orðið miklar breytingar á tækjabúnaði verktaka þar sem þeir eru ekki að gera mikið upp úr tekjum af snjó mokstri, hafa keypt sér vélar sem henta frekar venjulegri verktakavinnu sem um leið henta ekki eins vel í mikinn snjó




mokstur. Auk þess hefur á þessum tíma svæðið sem þarf að þjóna stækkað til muna með aukinni byggð og er þar fyrst og fremst byggð upp á Ásbrú og Dalshverfi. Þau hverfi hafa auk þess mestu snjósöfnun öllu jafna vegna legu og hæðar lands.



Myndir frá vettvangi 17-21 des

Fjármál:

Eins og gefur að skilja er nánast ómögulegt að áætla fjárþörf hvers árs í hálkúvarnir og snjómokstur en við höfum þó margra ára reynslu í þessu og höfum eftir fremsta megni reynt að vera eins raunhæf og kostur er í þessum áætlunum. Eins og sést á töflu 1.1. þá höfum við yfirleitt átt afgang í árslok og hefði verið gott að eiga það fjármagn í annan rekstur gatna svo sem yfirlagnir. Margóft hefur verið bent á það að það vanti fjármagn í þennan málaflokk. Þ.e. rekstur gatnakerfisins og ekki hefur verið tekið tillit til ört stækkandi byggðar. Undanfarnir tvö ár hefur verið flatur niðurskurður á þennan málaflokk þar sem við erum með sama fjármagn og árið 2019. Það kemur mjög illa við okkur þar sem kostnaður hefur aukist gífurlega á þessum tíma með vísitöluhækkun og hækkun olíuverðs.



Tafla 1.1

Hvað má betur gera?:

Það er klárt mál að þetta skot núna í desember vekur okkur til umhugsunar um þessi mál sem blessunarlega hafa ekki verið ofarlega á verkefnalista USK undanfarnir ár sökum þess hvað það hefur verið snjólétt hjá okkur. Undanfarnir vetur hafa einnig orðið til þess að verktakar hafa ekki lengur græjur til að sinna þessum verkum almennilega. Umhverfismiðstöðin hefur þó nýverið keypt nýjar snjótönn og saltkassa sem kom sér vel.

Tækjabúnaður Umhverfis- og framkvæmdasviðs

Annaðhvort verður Reykjanesbær að koma sér tækjum upp með tilheyrandi kostnaði, en það er ágæt samlíking að slökkvilið suðurnesja á mjög dýran búnað sem vonandi þarf að nota sem minnst, en er nauðsynlegt að hafa til taks. eða gera fasta samninga við verktaka sem verður til þess að þeir geti keypt tæki og búnað til að þjónusta okkur betur. Það fer að koma tími á einu dráttarvél Umhverfismiðstöðvar og rætt hefur verið um innan starfsmanna USK að þegar það þarf að endurnýja hana ættum við að fjárfesta í stærra tæki með öflugari búnaði.

Einnig hefur verið rætt hvort við ættum að fjárfesta í snjóblásara sem við gætum svo fengið verktaka til að nýta þegar við köllum þá til.

Við þetta mikla fannfergi sem kom núna í desember kom í ljós að við eigum mjög erfitt með að þjónusta allar götur bæjarins en um leið tryggja plön stofanna bæjarins. Blessunarlega kom þetta skot á þeim tíma sem skólar voru lokaðir en við hefðum aldrei ráðið við þetta ef við ætluðum að tryggja færð á götum, og halda plönunum við stofnanir hreinum um leið. Hugmynd okkar er að vetrarþjónusta fyrir stofnanir verði boðin út, og það verði ekki á ábyrgð Umhverfismiðstöðvar.

Samstarf við nær samfélagið

Hugmyndir hafa verið uppi um hvort Ísavia geti komið með sinn öfluga búnað til dæmis á Ásbrúarsvæðinu. Þetta þarf að ræða við Ísavia.

Að lokum hefur verið rætt okkar í millum um hvort Vegagerðin þurfi ekki að vera með öflugri tækjabúnað á þessu svæði þar sem mikil áhersla verður á að halda flugvellinum gangandi.

Starfsmannamál og vakta fyrirkomulag Umhverfismiðstöðvar

Yfirfara þarf vaktakerfi Umhverfismiðstöðvar yfir vetramánuðina. Eins og þetta er núna er sami starfsmaðurinn sem fer kl 04:30 (fóru kl 04:00, í þessu skoti) sem er að ryðja snjó og hafa umsjón með verktökum sem þarf að kalla út. Þá er þessi sami vaktmaður með símsvörun allan sólarhringinn (bakvakt) þannig það kom fyrir þegar hann kom heim eftir langa vöku fékk hann símtal í bakvaktarsímann. Það er ljóst að þetta gengur engan vegin þegar svona ástand er.

Upplýsingagjöf til íbúa:

Eitt af því sem hefur verið gagnrýnt er að það sé ekkert verklag hjá USK varðandi vetrarþjónustu. Það er ekki alveg rétt því eins og áður kemur fram er verklag vetrarþjónustu USK á heimasíðu Reykjanesbæjar. Hins vegar má gera betur í þessu eins og svo mörgu öðru í upplýsingagjöf til bæjarbúa almennt. Við ætlum að setja þessa áætlun upp myndrænt líkt og Hafnarfjörður og Akureyri eru með þetta og einnig að hólfastkipta bænum þannig það sé hægt að tilkynna bæjarbúum að ákveðin tiltekin dag munum við einbeita okkur að ákveðnum hólfum. Það gefur einnig bæjarbúum færi á að færa bíla sem eru fyrir snjó mokstri en það er ein helsta hindrun okkar við þá vinnu. Einnig er augljóst að mikið er um að bílastæði víða um bæinn eru nýtt af ferðalöngum erlendis eða aðilum sem þjónusta þá.

Einnig hefur verið rætt um að setja staðsetningarbúnað í öll tæki þannig það sé hægt að sýna á kortasjá hvaða svæði hafa verið rudd og hver ekki ásamt forgangi gatna og svæða. Þetta er þó langt í frá að einfalt verkefni því það krefst búnaðar í tæki allra verktaka, sem sumir hverjir eru kallaðir til með stuttum fyrirvara, en þetta verður skoðað nánar.

Að ósk bæjarstjóra eru starfsmenn Umhverfis- og framkvæmdasviðs að vinna tillögur að því hvað betur má fara í vetrarþjónustu Reykjanesbæjar og er sú vinna í vinnslu.

F.h. Starfsmanna Umhverfis- og framkvæmdasviðs


Guðlaugur H. Sigurjónsson
sviðsstjóri umhverfissviðs